

**Nd.**

## **67. Frumvarp til laga**

[64. mál]

um breyting á lögum nr. 63 29. mars 1961, um lögskráningu sjómanna.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson,  
Jósef H. Þorgeirsson, Matthías Á. Mathiesen.

### 1. gr.

1. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að lögskrá alla þá menn, sem starfa á íslenskum skipum og bátum, sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna, og gerðir eru út hér á landi, hvort heldur er til farþegaflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var fyrst flutt á þinginu 1971—72. Þá var það flutt í beinu framhaldi af baráttu fyrir bættum líf- og örorkutryggingum þeirra sem á fiski- og farskipum okkar starfa.

Ljóst var, að auknar tryggingar, bæði lögboðnar og samningsbundnar, sem byggðust m. a. á eftirliti viðkomandi lögskráningarstjóra, mundu aldrei geta náð í sama mæli til og orðið jafnvirkar hjá sjómönnum, sem stunda störf á skipum sem ekki er skylt að lögskrá á, og hinum.

Síðan frumvarp þetta var flutt fyrir áratug hafa breytingar átt sér stað í samningum vinnuarkaðarins og af hendi löggjafans sem benda eindregið til þess, að á vegum lögskráningar verði komið við nauðsynlegu eftirliti með skyldum og réttindum sem varðar starfsmenn þessa atvinnuvegar.

Á síðasta þingi voru samþykktar þýðingarmiklar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna og á ellilífeyrisréttindum sjómanna og er í báðum tilfellum stuðst við réttinda-sönnun lögskráningar.

Það ákvæði, sem hér er lagt til að taka upp, á sér mörg fordæmi í lögum og má benda á eftirtalið:

Í lögum um skráningu skipa, nr. 53 12. maí 1970, segir í 1. gr.: „Skráningarskylt eftir lögum þessum er sérhvert skip, sem er 6 metrar á lengd eða stærra . . .“

Í lögum um skipamælingar, nr. 50 12. maí 1970, segir svo í 1. gr.: „Skip í lögum þessum tekur til hvers fljótandi fars, sem er 6 metra langt eða meira . . .“

Í lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 69 13. apríl 1973, segir svo í 2. gr.: „Skip merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 metra langt eða meira . . .“, og í lögum um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, segir m. a. í 2. gr.: „Ákvæði laga þessara taka til allra íslenskra skipa sem eru 6 metrar eða lengri mælt milli stafna.“